

Athugasemdir No Borders Iceland við frumvarp til laga um útlendinga

Þingskjal 1180 - 728. mál

No Borders Iceland (NBI) leggja til að mismunun í formi landamæra á grundvelli þjóðernis, uppruna, litarhafts, kynþáttahyggju, efnahags, félagslegrar og lagalegrar stöðu, trúar og tungumáls verði að fullu hætt og í samræmi við það að takmarkanir á komu og veru útlendinga á landinu lagðar niður. Að öllu leyti fari um mál útlendinga eins og íslenskra ríkisborgara, utan þjónustustofnunar sem veitir aðstoð til þess að koma í veg fyrir aðra stofnana- og kerfisbundna mismunun, og erfiðleika sem kunna að stafa af því að vera nýkomin/n til landsins.

Hugmyndir þær er mannréttindi byggjast á, og þar af leiðandi samfélagsgerðin og réttarríkið allt, snúast um og eiga að grundvallast á þeim skilningi að manneskjur eru ekki tæki og skal ekki nota sem slík til þess að ná fram markmiðum. Þvert á móti skal koma fram við allar manneskjur sem markmið í sjálfum sér. Útlendingar eru líka manneskjur.

Þá er Ísland töluvert stórt land, með mjög lítinn íbúafjölda á miðað við stærð landsins. Það sama má segja í tilliti til framleiðslu og auðlinda. Ísland er langt í norðri þar sem veður er kalt og aðgangur að öðrum landsvæðum takmarkaður vegna stöðu landsins. Vegna þessa þykir fæstu fólki af erlendum uppruna spennandi að búa á landinu til lengdar. Hins vegar er þörf á fleiri þátttakendum í samfélaginu. Engar góðar ástæður eru því til þess að takmarka komu þeirra útlendu manneskja sem þrátt fyrir allt hefðu áhuga á því að setjast hér að og verða hluti af samfélaginu. Margar og djúpstæðar ástæður liggja hins vegar fyrir því að hætta að hamla fólki að koma og vera á Íslandi, þar á meðal frelsi og mannréttindi útlendinga og Íslendinga.

NBI samtökin leggja til að frumvarpið verði endurskoðað frá upphafi til enda með tilliti til ofangreinds, algjört ferðafrelsi allra verði viðurkennt og tekið verði fyrir alla þá mismunun sem felst í takmörkunum á ferðafrelsi sumra.

Til vara: Athugasemdir um einstök atriði og ákvæði frumvarpsins:

Í ljósi yfirlýsts tilgangs og markmiða lagabreytinganna, og í samhengi mannréttindasáttmála þeirra er ríkið hefur skuldbundið sig til þess að fylgja, þykir No Borders Iceland [hér eftir NBI/samtökin] frumvarpið í núverandi mynd vera alvarlegum annmörkum sett. Þar af leiðandi, ef ákveðið verður að hefta áfram ferðafrelsi sumra manneskja, og útlendingum verður áfram mismunað, leggja samtökin til breytingar á frumvarpinu í samræmi við eftirfarandi athugasemdir, til vara:

Í frumvarpinu eru réttindi þeirra sem sótt hafa um alþjóðlega vernd í öðru landi, koma frá svokölluðum „öruggum ríkjum“ eða áttu leið um ríki sem telst vera almennt öruggt, verulega skert. NBI benda á að þrátt fyrir að umsækjendur um alþjóðlega vernd hafi haft viðkomu í öðru landi um lengri eða skemmri tíma, hvort sem það telst almennt öruggt eða ekki, þarf það ekki að

þýða að málsmeðferð þar eða aðstæður þeirra geti talist fullnægjandi. Hvert mál verður að skoða sérstaklega. Lögín ættu að taka mið af því og það þyrfti að taka fram sérstaklega.

3. gr. - Orðskýringar

Í orðskýringum kemur fram að til nánustu aðstandenda teljist sambúðarmakar. Fyrir flóttamenn [þar á meðal hælisleitendur/umsækjendur um alþjóðlega vernd] getur hugtakið verið flókið þar sem fólk getur hafa átt í samskonar samböndum til lengri tíma og teldust við eðlilegar aðstæður sambúðarmakar, án þess að hafa nokkurn tímann fengið tækifæri til þess að skrá sambúð sína með formlegum hætti. Nauðsynlegt er því að hugtakið sé skilgreint á sem víðastan hátt í tilfelli flóttamanna og aðstæður þeirra teknar með í reikninginn.

5. gr. - Útlendingastofnun

Útlendingastofnun ætti að leggja niður í þeirri mynd sem hún þekkist í dag.

- Engin góð ástæða er til þess að eyða fjármunum í þessa stofnun sem gerist ítrekað brotleg við lög og réttindi skjólstaðinga sinna, og sinnir nánast einungis verkefnum sem aðrar stofnanir hafa þegar á höndum sér eða gætu með kostnaðarlitlum breytingum tekið að sér.
- Ef skráning útlendinga, dvalarleyfa og landgönguleyfa þykir áfram nauðsynleg gæti Þjóðskrá farið með þau verkefni. Eðlilegt væri að velferðarráðuneyti og félagslegar stofnanir sem falla undir það og sinna þegar málefnum sem varða félagsleg réttindi annarra meðlima samfélagsins sæju um sömu og svipaða málaflokka hvað varðar útlendinga.
- Umboðsmann útlendinga og/eða þjónustustofnun við innflytjendur mætti setja á fót til þess að sinna þeim verkefnum sem eiga sérstaklega við nýja Íslendinga og útlendinga og falla ekki vel að verksviðum annarra stofnana, auk mögulegra erfiðleika í samskiptum við viðeigandi stofnanir.

Ef Útlendingastofnun verður ekki lögð niður ætti skipan forstjóra Útlendingastofnunar ekki að vera á höndum ráðherra eins síns liðs, heldur til dæmis eftir tilnefningu nefndar samsettri úr forsvarsfólki mannréttindastofnana og -samta.

- Tryggja þyrfti miklu betur gegnsæi stofnunarinnar og vinnubragða hennar. Kveða skyldi á í lögum um að allar verklagsreglur og stefna sem stofnunin starfar eftir skulu birtar í stjórnartíðindum, á vefsíðu stofnunarinnar og á vefsíðu innanríkisráðuneytis. Þá ættu lögín að kveða á um að allar ákvarðanir skuli birtar opinberlega í eins miklum smáatriðum og hægt er eftir að þær eru gerðar ópersónugreinanlegar.
- **Þá þyrfti að vera lýðræðislegur öryggisventill á embættinu**, þannig að endurtekin lögprot stofnunarinnar og brot á réttindum skjólstaðinga hennar, undir stjórn viðkomandi forstjóra, myndu verða til uppsagnar þess forstjóra. Umboðsmaður alþingis og ákveðinn fjöldi undirskrifta almennings kæmu til greina sem öryggisventlar á embættið.

6. gr. - Hlutverk, valdsvið og skipan kærunefndar útlendingamála.

Um skipan kærunefndar

- Pólitískir nefndarmenn eru til óþurftar og **engir nefndarmenn kærunefndar ættu að vera skipaðir beint af ráðherra án tilnefningar**, heldur samkvæmt tilnefningum utanaðkomandi aðila með starfssvið tengt mannréttindum og málefnum útlendinga.
- **Óeðlilegt er að ráðherra ákveði þóknun nefndarmanna**, sem hún/hann gæti notað til þess að setja þrýsting á eða refsna nefndarmönnum fyrir störf sín sem henni/honum eru ekki þóknanleg. Laun ættu að vera eftir kjarasamningum, t.d. Félags starfsmanna Stjórnarráðs og Félags háskólamentaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.
- Leita mætti aðstoðar Flóttamannastofnunar SP við að ákveða hver nefndarmanna tekur sæti formanns og varaformanns, heldur en að (mögulega pólitísk) nefnd skipuð af ráðherra geri slíkt hið sama.
- Til vara þarf hið minnsta að tiltaka hæfi nefndarmanna þeirra sem ráðherra skipar til þess að ákveða sæti formanns og varaformanns.

7. gr. - Kæruheimild.

- Fimmtán daga frestur er mjög skammur tími til þess að finna lögmann ef þess þarf eða þess er óskað, sem þarf einnig að vera fær um að bera upp málið fyrir kærunefnd á þeim dögum sem eftir eru þegar lögmaður finnst. No Borders Iceland mælast til þess að þessi frestur verði lengdur í 30 daga hið minnsta, þó eðlilegra væri að gefinn yrði 3 mánaða frestur til kæru ákvörðunar í samræmi við stjórnarsýslulög. Fimm dagar sem frestur til þess að áfrýja máli er síðan með öllu óásættanlegur hvernig sem stendur á og þar hefur öruggt þriðja ríki ekkert vægi, því engu síður er um að ræða einstaklinga sem mjög líklega kunna illa á íslenskt kerfi, hafa lítil tengsl innan landsins og eru ólíklegir til þess að tala eða skilja tungumálið og þyrftu frekar lengri kærufrest en íslenskum ríkisborgurum er almennt veittur (3 mánuðir).
- **NBI telur að lagaákvæði þetta stangist alvarlega á við réttindi og skyldur skráð í stjórnarsýslulög nr. 37/1993**, sem hafa sérstaka stöðu í íslensku lagaumhverfi og skulu gilda um allar manneskjur jafnt, óháð uppruna og þjóðerni t.a.m., skv. jafnræðisreglunni í 11. gr. laganna. Meðal þeirra ákvæða sem NBI telja 7. gr. frumvarpsins stangast á við, auk VII kafla um stjórnarsýslukæru, ber helst að nefna andmælarétt (13. gr.), upplýsingarétt (15. gr.) og leiðbeiningarskyldu stjórnvalda (7. gr.).

8. gr. - Málsmeðferð fyrir kærunefnd útlendingamála.

- **Samtökin telja fullkomlega óeðlilegt að formaður kærunefndar geti einn úrskurðað í málum sem snerta málsmeðferð hjá Útlendingastofnun og frestun réttaráhrifa.** Að auki telja samtökin óeðlilegt og þvert á góða stjórnarhætti að kærunefnd úrskurði í málum er varða frestun réttaráhrifa í þeim tilfellum er úrskurðir kærunefndar hafa verið

kærðir til dómstóla, þar sem kærunefnd, og í þessu tilfalli eingöngu formaður hennar, væri þar með að úrskurða hvort þeirra eigin úrskurðir veittu ástæðu til frestunar réttaráhrifa. Eðlilegra væri að dómstóllinn þar sem kæran væri tekin fyrir myndi einnig úrskurða um frestun réttaráhrifa. Í öðrum tilfellum óska um frestun réttaráhrifa þyrfti dómstóll eða stjórnvald óháð kærunefnd að öllu leyti að meta nauðsyn þess að fresta réttaráhrifum.

- **No Borders Iceland leggst einnig gegn því að formaður kærunefndar geti einn úrskurðað í málum er varða einstaklinga sem koma frá „öruggum ríkjum“ og bendum á að þrátt fyrir að einstaklingar sem sækja um alþjóðlega vernd komi frá slíkum ríkjum þarf ávallt að skoða mál hvers og eins, líkt og Flóttamannasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um. Leggja þyrfti sérstaka áherslu á þetta í lögnum.**
- **No Borders Iceland gerir athugasemdir við að formanni kærunefndar skuli veitt vítt valdsvið og að honum sé í raun nánast í sjálfsveld sett hvenær hann kallar til aðra nefndarmenn, ásamt því hvaða nefndarmenn skulu taka fyrir hvaða mál. Við bendum á að með þessu móti hafi einn maður nánast allt vald til að ákvarða dómafordæmi í málefnum allra þeirra útlendinga sem til landsins leita. Eðlilegra væri að slíkt vald dreifðist til fleiri aðila, sem ekki væru skipaðir af ráðherra. Sömu hæfniskröfur gætu gilt um þá eins og formanninn, þótt þeir væru ekki pólitískt skipaðir beint af ráðherra.**

13. gr. - Réttaraðstoð

Samkvæmt 13. gr. getur útlendingur verið krafinn um endurgreiðslu á kostnaði vegna starfa talsmanns, sem annars myndi greiddur úr ríkissjóði. Taka ætti út þetta ákvæði eða ellegar skilgreina skýrt og skilgreinilega í hvaða tilfellum verði undantekningar á réttaraðstoð, sem er annars óbeint skráð í 70. gr. stjórnarskrá og hina ýmsu mannréttindasáttmála sem Ísland er skuldbundið af. Almenna reglan, að útlendingar líkt og Íslendingar hafi rétt til réttaraðstoðar, verður að vera skýr og allar undantekningar á þeirri reglu verða að liggja skýrt fyrir svo yfirvöld verði ekki sek um grófa mismunun og alvarleg brot á þeim réttindum sem liggja öllum öðrum mann- og borgaralegum réttindum til grundvallar.

14. gr. - Upplýsinga- og tilkynningarskylda útlendinga.

- Ákvæði um skyldu til þess að veita lögreglu upplýsingar er allt of opin til frjálsrar túlkunar í bæði 1. og 2. mgr. 14. greinar. Samtökin mælast til þess að krafa um veitingu upplýsinga verði tekin út og að ákvæði í lögreglulögum verði látin nægja hvað varðar útlendinga, eins og Íslendinga.
- 3. mgr. býður upp á óþarfa vesen fyrir útlendinga aðra en norræna, felur í sér mismunun á grundvelli uppruna og þjóðernis og ætti að taka út í heild.

23. gr. - Stjórnvald og málsmeðferð

- **NBI mælast til þess að allar umsóknir um alþjóðlega vernd fái efnismeðferð á Íslandi. Ellegar verði tímarammi til mats á hvort mál verði tekið til efnismeðferðar stytur í þrjá mánuði.** Að þeim tíma lokum verði umsókn annað hvort samþykkt ósjálfrátt eða hið minnsta tekin til efnismeðferðar. Samtökin leggja enn áherslu á að í lögin vantar að tekið sé fram að við mat á umsóknum um alþjóðlega vernd verður að líta til aðstæðna einstaklingsins sama hvort viðkomandi hafi komið frá eða í gegnum land á lista yfir „örugg ríki.“
- **Enginn vafi leikur á því að 24 klukkustunda kærufrestur gengur þvert á borgaraleg réttindi skráð til dæmis í stjórnarsýslulög.** Eftirfarandi setningu skal því taka út: „Enn fremur er ráðherra heimilt að mæla nánar fyrir um málsmeðferðartíma en í 4. mgr. greinir og stytta kærufresti í allt að 24 klukkustundir, sem og að mæla fyrir um fresti til að leggja fram gögn og greinargerðir, í tilteknum tegundum mála.“

24. gr. - Umsókn um alþjóðlega vernd.

- **Taka þarf fram í lögunum að umsækjandi um alþjóðlega vernd fái alltaf að njóta vafans, líkt og leiðbeiningar Flóttamannastofnunar SP kveða á um.**
- Taka þarf fram í lögunum að Útlendingastofnun beri að leiðbeina umsækjendum um öll réttindi sín, líkt og skyldur. Lögin ættu að kveða á um viðurlög ef stofnunin uppfyllir ekki þessa skyldu sína gagnvart þeim viðkvæma samfélagshópi sem umsækjendur um alþjóðlega vernd eru.
- Eðlilegt væri að ef ein manneskja fær vernd á Íslandi, að umsóknir allra náninna aðstandenda væru teknar fyrir á Íslandi og að þeim verði veitt dvalarleyfi hið minnsta, jafnvel ef grundvöllur fyrir stöðu flóttamanns eða viðbótarvernd er ekki fyrir hendi.

25. gr. - Greining á sérþörfum og stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd.

- Taka þyrfti fram að flóttamenn hafa lent í erfiðum lífsreynslum oft á tíðum og að engar skoðanir, svo sem læknisskoðanir, skulu verða þeim byrði, heldur einungis boð.
- Í 4. mgr. skal „reynt“ tekið út, enda hefur málsgreinin ekki nokkra lagalega merkingu á meðan orðið er þar inni (Tillaga að nýju orðalagi: „Varði mál fylgdarlaust barn eða annan einstakling í sérstaklega viðkvæmri stöðu skal [tryggt] að starfsmaður með viðeigandi sérþekkingu og reynslu vinni að málinu,“)

26. gr. - Öflun upplýsinga vegna umsóknar um alþjóðlega vernd.

- Taka þyrfti í þessari grein fram refsileysi vegna falsaðra skilríkja og notkunar á öðrum en eigin skilríkjum í tilfalli umsækjenda um alþjóðlega vernd, líkt og 31. gr. samnings um réttarstöðu flóttamanna. 32. grein frumvarpsins er líka gölluð að því leyti að talað er sérstaklega um „beina leið“ frá hættusvæðum, á meðan leiðbeiningar

Flóttamannastofnunar SP kveða á um að leiðin skipti ekki máli á meðan viðkomandi er á flóttu.

- Þá þyrfti að taka fram í þessari grein einnig að allur vafi skuli falla í vil flóttamanns.

28. gr. - *Viðtal við umsækjanda um alþjóðlega vernd.*

- Taka þyrfti fram eftir hvaða leiðum boð UTL megi vera send, eða hvers kyns sannanir þurfi að vera, svo afleiðingar í samræmi við 4. mgr. eigi við.
- Í 5. mgr. þyrfti að vera kveðið á um skyldu, og ekki heimild, UTL til þess að kalla til sérfræðing ef ekki er til staðar starfsmaður með nægilega sérþekkingu.
- Kveða þyrfti á um reglur um meðferð og öryggi þeirra mynda og upptaka sem UTL safnar við viðtöl í samræmi við 6. mgr.

29. gr. - *Sérstök málsmeðferð – forgangsmæðferð.*

- Við 1. mgr. a) mætti bæta heilsufarslegum ástæðum, af líkamlegum og andlegum toga
- Um 1. mgr. b) á við það sem áður hefur komið fram; að hverja umsókn verður að skoða hvort sem viðkomandi komi frá ríki sem almennt er talið „öruggt“ eða ekki; viðkomandi getur engu síður haft góða ástæðu til þess að flyja þaðan. 2. mgr. ætti að taka út í samræmi við það
- 1. mgr. d) felur í sér mismunun og býður upp á fordóma fyrir fólki með geðraskanir, t.a.m. Ákvæðið ætti að taka út í heild sinni.

30. gr. - *Réttaraðstoð í málum um alþjóðlega vernd.*

- Vegna mikilvægi þessara mála, og hversu viðkvæmur hópur umsækjenda um alþjóðlega vernd kann að vera, er nauðsynlegt að einstaklingar fái að velja sér talsmann, á meðan á sama tíma verði í boði að leita til sérvalinna sérfræðinga sem er treystandi til verksins. Því er þannig mótmælt að UTL skipi einstaklingunum ákveðna aðila sem talsmenn.
- Nauðsynlegt er að kveða á um hvenær rétt til tólks megi nýta, sem þyrfti að vera í öllum samskiptum við stjórnvöld.
- Nauðsynlegt er að fram komi sérstaklega að stjórnvöldum beri að leiðbeina umsækjendum um rétt sinn til tólks.
- Koma ætti fram skilmerkilega að umsækjendur eiga rétt á því að fá öll gögn í málum sínum fyrir stjórnvöldum á tungumáli sem þeir sannanlega skilja.

32. gr. - *Refsileysi vegna ólöglegar komu eða falsaðra eða stolinna skilríkja.*

- Sjá undir 26. gr.

36. gr. - Umsókn um alþjóðlega vernd tekin til efnismeðferðar.

- Ísland er stórt land með lítinn íbúafjölda, langt norður í hafi, þar sem fátt fólk dreymir um að setjast að. Fólk á flótta frá stríðshrjáðum löndum og þeim svæðum sem helst hrekur fólk á flótta í samræmi við alþjóðlega samninga um alþjóðlega vernd komast illa beina leið til Íslands án viðkomu í löndum þeim sem Ísland „má“ senda flóttafólk aftur til baka til. Vegna stöðu landsins mælast NBI til þess að ákvæðið um að endursenda skuli fólk þegar samningar leyfa verði endurskoðað og hætt verði endursendingum flóttafólks á grundvelli slíkra samninga.
- Til vara, ef ekki verður ákveðið að taka út þetta ákvæði, að hluta eða í heild, þyrfti að kveða skýrar á um veitingu efnismeðferðar og að ákvörðunarvaldi sé skylt að veita efnismeðferð þegar atriði 2. mgr. eiga við.

48. gr. - Afturköllun alþjóðlegrar verndar

Samkvæmt 48. gr. er hægt að afturkalla alþjóðlega vernd, til að mynda ef einstaklingur sem hlotið hefur alþjóðlega vernd „getur ekki lengur neitað að hagnýta sér vernd heimalands síns vegna þess að aðstæður þær sem höfðu í för með sér að hann var viðurkenndur flóttamaður eru ekki lengur fyrir hendi“. Ekki getur talist eðlilegt að afturkalla megi alþjóðlega vernd einstaklings sem notið hefur hennar hafi viðkomandi búið hér á landi í tiltekinn tíma eingöngu á þeim grundvelli að aðstæður í heimlandi hans hafi breyst, án þess að tillit sé tekið til þess hvort viðkomandi kjósi sjálfviljugur að snúa til heimalandsins eða hafi þar enn einhver tengsl. Ef ekki er talið eðlilegt að viðkomandi hafi enn búseturétt á Íslandi á grundvelli alþjóðlegrar verndar skuli honum að minnsta kosti gert kleift að sækja um varanlegan búseturétt á öðrum grundvelli, svo sem ótímabundið dvalarleyfi skv. 58. gr.

51. gr. - Skylda til að sækja um dvalarleyfi áður en komið er til landsins.

- NBI mælast til þess að 51. grein verði tekin út í heild sinni. Rökstuðningur sem gefinn er fyrir þessari grein í skýringum með frumvarpinu er ófullnægjandi og ósannfærandi þegar litið er til allra þeirra erfiðleika sem hún getur, hefur og mun valda því fólki sem ákveður að það langi að vera áfram á landinu eftir að það kemur. Ef fólk uppfyllir kröfur vegna dvalarleyfa, sem ekkert er rætt um að hverfa frá þótt fólk sé komið til landsins, er erfitt að sjá að nokkru breyti ef einhverjir einstaklinganna hafa ákveðið fyrirfram að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins á annars konar leyfum. Samtökin telja að óþarfa hefðarhyggja og ráðríki liggja þessu ákvæði til grundvallar og mælast til þess að látið sé af því.
- Samtökin krefjast þess að hið minnsta sé sérstaklega tekið fram að meðal sanngimnisástæða fyrir undantekningum verði (meðal annars og ekki takmarkað við) sérstök tengsl við landið í víðum skilningi þess, heilsufarsástæður, ríkisfangsleysi, skortur á ferðaskilríkjum, óörugg lagaleg staða eða staða í heimlandi að öðru leyti.

- Þá telja samtökin að alvarleg mismunun á grundvelli þjóðernis, uppruna, félagslegrar stöðu og efnahags sé fólgin í undantekningarliðum í ákvæðinu, sem auðvitað samrýmist ekki stjórnarskrá, stjórnarsýslulögum, lögbundnum mannréttindasáttmála Evrópu, eða öðrum mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur skuldbundið sig af.
- Samtökin gera einnig athugasemd við orðalagið „ Ef umsækjandi um dvalarleyfi sem dvelur hér á landi sækir um dvalarleyfi án þess að vera undanþeginn því að sækja um leyfi áður en hann kemur til landsins skv. 1. og 2. mgr. **skal hafna** umsókninni á þeim grundvelli. Það sama á við ef umsækjandi kemur til landsins áður en umsókn er samþykkt.“ [Leturbreyting NBI]. Óeðlilegt hlýtur að teljast að engar undanþágur skuli veittar eða heimild til að taka inn mat á aðstæðum fólks sbr. athugasemdir hér að ofan.

58. gr. - Ótímabundið dvalarleyfi

Samtökin mælast til þess að tekið sé út ákvæði um að 58.gr. eigi ekki við um einstaklinga sem notið hafa alþjóðlegrar verndar skv. 73. gr eða hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum skv. 74.gr. Rökstuðning vantar fyrir því hvers vegna þessir einstaklingar geti ekki hlotið varanlegt dvalarleyfi skv. 58. gr.

62. gr. - Dvalarleyfi vegna skorts á vinnuafli

No Borders Iceland mælast til þess að 62. gr. verði tekin út í heild sinni en í staðinn sett inn ákvæði um rétt til dvalarleyfis á grundvelli atvinnupátttöku.

- Um það geti gilt sambærilegar reglur og um dvalarleyfi á grundvelli sérfræðiþekkingar skv. 61.gr. Samtökin telja ekki eðlilegt eða í samræmi við mann- og borgaraleg réttindi að mismuna eigi fólki sem hingað kemur til að stunda atvinnu eftir því hvort um sé að ræða sérfræðinga eða fólk í öðrum störfum. Sú krafa að viðkomandi *þurfi* að yfirgefa landið í að minnsta kosti tvö ár, eftir að hafa hlotið atvinnu- og dvalarleyfi til eins árs, með möguleika á framlengingu í annað ár, er með öllu óeðlilegt og órökstutt.
- Það verður ekki með nokkru móti séð að íslensku samfélagi sé greiði gerður með því að loka á möguleika útlendinga sem hingað koma í þeim tilgangi að stunda atvinnu, til að framlengja dvalarleyfi sitt um meira en eitt ár, eða að það geti ekki síðar verið metið sem grundvöllur til varanlegrar búsetu. Sem dæmi má nefna, að ef aðstæður á íslenskum vinnumarkaði eru með því móti til nokkurra ára að hér skorti vinnuafli, þá gerir þetta ákvæði það að verkum að í stað þess að íslenskir atvinnurekendur geti haft sama erlenda starfsfólkið í nokkur ár í senn þurfi það reglulega að ráða nýtt fólk inn, að í stað þess að fólk læri tungumálið og kynnist íslenskri menningu, þá hafi það engan ávinning af slíku, og að í stað þess að það geti haft möguleika á því að koma sér hér fyrir, þá er með þessu ákvæði stuðlað að rötleysi og komið í veg fyrir eðlilegt fjölskyldulíf. Því virðist þetta ákvæði sé hvorki hugsað með réttindi eða hagsmuni útlendinga að leiðarljósi, né heldur með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi. Tilgangur þessa skilyrðis um að útlendingar yfirgefi landið í tvö ár hið minnsta hafi þeir hlotið dvalarleyfi samkvæmt þessari grein er með öllu óskiljanlegur. No Borders Iceland vill því að þessi setning:

„Óheimilt er að veita útlendingi sem haft hefur dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu leyfi samkvæmt ákvæðinu að nýju fyrr en að lokinni tveggja ára samfelldri dvöl erlendis“ verði tekin út. Þess í stað má breyta þessu ákvæði á þá leið að hægt sé að veita dvalarleyfi á grundvelli skorts á vinnuafli til eins eða tveggja ára í senn, með möguleika á endurnýjun til eins árs í senn, án þess að viðkomandi sé gert að yfirgefa landið í lengri eða skemmri tíma. Að fjórum árum liðnum gæti viðkomandi sótt um ótímabundið dvalarleyfi skv. 58.gr. Slíkar reglur myndu koma sér betur fyrir útlendingana sjálfa, sem hefðu þó einhverja ástæðu til þess að kynnst menningu og læra tungumálið, fyrir samfélagið sjálft þar sem þeir hefðu tækifæri til að aðlagast því í stað þess að nýjir einstaklingar þyrftu að flytjast til landsins á tveggja ára fresti, og fyrir atvinnulífið, sem þyrfti þá ekki að ráða inn nýtt starfsfólk á tveggja ára fresti.

101. gr. - Áhrif brottvísunar og endurkomubann.

- Samtökin gera athugasemd við ákvæði 101. gr. um að brottvísun feli í sér bann við komu til landsins síðar og geti það bann verið varanlegt eða tímabundið en gildi ekki skemur en tvö ár að jafnaði. Ekki verður séð að nauðsyn sé fyrir því að brottvísun feli alltaf í sér endurkomubann, til að mynda hvers vegna útlendingi sem vísað hefur verið úr landi sé ekki heimilt að koma á ný til landsins sækja þeir um dvalarleyfi og uppfylli öll skilyrði þess. Sér í lagi getur þetta átt við í tilfellum umsækjenda um alþjóðlega vernd sem vísað er til annars Evrópulands þar sem viðkomandi hefur áður sótt um vernd en með öllu er óþarft að láta einstakling í slíkri stöðu gjalda þess að hafa verið hafnað um alþjóðlega vernd, með því að meina honum að sækja um aðra tegund dvalarleyfis.
- Til vara mælast samtökin til þess að lágmarkstími endurkomubanns sé færður niður í eitt ár, sem yrði til samræmis við Noreg.

Að lokum gagnrýna samtökin No Borders Iceland það að ekki var haft samband við samtökin um að senda inn umsögn, þrátt fyrir að því sé haldið fram á lista yfir umsagnaraðila. Samtökin hafa nýlega verið í samskiptum við innanríkisráðuneytið t.a.m. og því víst að stjórnvöldum er kunnugt um veffang samtakanna. Vegna þessa vissu samtökin ekki af umsagnarfresti fyrr en örstuttu áður en hann rann út. Því eru athugasemdirnar ekki tæmandi þótt reynt hafi verið að stikla á alvarlegustu annmörkum þessa frumvarps. Frumvarpið í heild eins og það er nú stenst þó ekki stjórnarskrá, samrýmist ekki góðum stjórnarháttum eða stjórnsýslulögum og gengur að mörgu leyti þvert á mannréttindasáttmála þá sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig af. Enn síður samrýmist frumvarpið þeim vilja almennings sem hefur komið fram sífellt skýrar undanfarin misseri, að komið verði fram við flóttamenn og aðra sem til landsins sækja með mannúð, velvild og gæsku í fyrirrúmi.

